

1864.

19. apríl.

stjórninni og lagt fyrir ríkisþingið eptir að búið var að skrifast á um málið við fjárstjórnina, frumvarp til laga um eptirlaunaviðbót handa Elínu Thorstensen, ekkju eptir Jón jústizráð Thorstensen, landlækni á Íslandi; frumvarp þetta laut að því, að eptirlaun þau, 164 rd. 56 sk. ríkismyntar á ári, er ekkja þessi fær úr ríkissjóðnum, yrðu hækkuð um 135 rd. 40 sk. ríkism. á ári. En ríkisþingið, sem ekki þóttist geta fallizt á svo mikla eptirlaunaviðbót, sem stjórnarráðið hafði stungið uppá, samþykkti frumvarpið með þeirri breyting, að ekkjunni aðeins skyldi veitt 35 rd. 40 sk. ríkism. á ári í eptirlaunaviðbót, og skyldi það talið frá 1. degi þessa mánaðar, og með þessari breyting öðluðust lögin staðfesting konungs 31. dag f. m.

Um leið og þetta er kunngjört yður, herra stiptamtmaður, yður til leiðbeiningar og til þess þér auglýsið það ekkju Thorstensen jústizráðs, sendir stjórnarráðið yður prentuð exemplör af lögum þessum, og biður yður um að láta birta þau á vanalegan hátt í suðurumdæminu.

34. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtmannsins og amtmananna á Íslandi, um skýrslur embættismanna til lífsfjár- og framfærslustofnunarinnar.

19. apríl.

Eptir tilhlutun fjárstjórnarinnar skorar stjórnarráðið hérmeð á yður, herra (tit.), að þér framvegis áður en þér sendið hingað útfyllt skýrsluform um ekkjuforsorgun í lífsfjár- og framfærslustofnuninni hér í bænum frá embættismönnum í umdæmi því, sem þér eruð yfir skipaðir, gætið þess, að dalkarnir í skýrsluforminu séu rétt útfylltir og svo, sem vera ber, og ritið síðan á skýrsluformið vottorð yðar um, að þér hafið ekkert út á það að setja, hvernig þeir séu út fylltir.